

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 14 28. febrúar 1962, um breytingu á reglum um eftirlit með skipum og öryggi þeirra, nr. 11 20. janúar 1953.

1. gr.

IX. töluliður 141. greinar reglnanna orðist þannig:

Fiskiskip með þilfari og minni en 15. brúttórúmllestir skulu búin gúmmibát, sem rúmar alla skipverja.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 50 31. júlí 1959, um eftirlit með skipum, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 2. október 1969.

Eggert G. Þorsteinsson.

Kristinn Gunnarsson.

Nr. 265.

16. október 1969.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu Dalvíkur.

1. gr.

9. gr. orðist svo:

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi Dalvíkurkaupþúns, sem svo er ástatt um, sem um getur í 8. gr. reglugerðar þessarar skal greiða vatnsskatt að upphæð kr. 30.00 af þúsundi fasteignamatsverðs, þó þannig, að lægsta gjald af einbýlishúsi sé kr. 650.00 og af íbúðarhúsi með 2 íbúðum eða fleiri skal lægsta gjald vera kr. 325.00 á íbúð. Tengigjald greiðir húseigandi um leið og hús hans hefur verið tengt við vatnsæð vatnsveitunnar að upphæð kr. 650.00.

2. gr.

Niðurlag 10. gr. 1. tölul. orðist svo:

Aukavatnsskattur skal vera kr. 0.65 hver smálest vatns.

3. gr.

11. gr. orðist svo:

Auk þess vatnsskatts er um getur í 9. og 10. gr., skal greiða sem hér segir:

1. Fyrir vatn til skipa kr. 35.00 fyrir smálestina, þó aldrei minna en kr. 100.00 í hvert sinn. Fyrir vatn til hafnarsjóðs kr. 0.65 hver smálest, enda sjái hann um vatnsdreifingu til skipa.
2. Af hverri tunnu fullverkaðrar síldar kr. 2.00.
3. Af hverri tunnu af síld til frystingar kr. 2.00.
4. Af hverju máli síldar til bræðslu kr. 1.25.
5. Af hverju tonni innvegins fiskjar, slægðum með haus kr. 7.50.
6. Fyrir hverja kind slátraða í sláturhúsi kr. 0.75.
7. Fyrir hvern stórgrip slátrað í sláturhúsi kr. 25.00.
8. Fyrir hverja kind á vetur setta samkv. skýrslu forðagæzlumans kr. 2.50.

9. Fyrir hvern stórgrip á vetur settan samkvæmt skýrslu forðagæzlumanns kr. 75.00.
10. Fyrir vatn til bílaþvotta: vörubílar kr. 175.00 árleg greiðsla.
11. Fyrir vatn til bílaþvotta: fólksbílfreiðir kr. 90.00 árleg greiðsla.
12. Fyrir vatn til bílaþvotta: jeppar kr. 90.00 árleg greiðsla.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Dalvíkurhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 16. október 1969.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

17. október 1969.

Nr. 266.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Borgarneskauptún nr. 12
20. febrúar 1930, sbr. auglýsingu nr. 4 6. janúar 1948
og reglugerð nr. 54 11. apríl 1960.

1. gr.

17. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:
- a. Skip, sem heima eiga í Borgarnesi og minni eru en 20 brúttórúmllestir, skulu greiða lestargjald einu sinni á ári, kr. 14.00 fyrir hverja brúttórúmllest. Sama gjald greiða og geymsluskip, þótt stærri séu en 20 brúttórúmllestir. Undanþágu frá þessu getur hafnarstjóri veitt smábátum, sem greiða ekki bryggjugjald.
- b. Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma, nema herskip, varðskip, björgunarskip, skip, sem hafa skirteini sem skemmtiferðaskip, skip sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna og skip þau, sem um getur í staflíð c þessarar greinar skulu greiða kr. 1.00 fyrir hverja brúttórúmllest. Innlend fiskiskip skulu eigi greiða lestargjald þetta oftast en einu sinni í mánuði, en strandferðaskip, sem sigla eftir fastrí áætlun greiða hálf gjald.
- c. Skip, sem leita hafnar vegna óveðurs, sjóskaða eða skemmda á skipi, greiða ekki lestargjald, nema þau jafnframt fermi eða affermi vörur. Sama gildir um skip, sem leita hafnar til þess að rétta áttavita, fá skipshafnir eða leggja á land sjúka menn eða látna. Gjaldalagi lestargjalds skv. a. líð þessarar greinar skal vera 1. marz ár hvert. Annars er lestargjaldið þegar fallið í gjalddaga, er skipið hefur varpað akkerum á hafnarsvæðinu, eða lagst að bryggju.

2. gr.

25. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:
1. flokkur: Gjald kr. 10.00 fyrir hvert tonn: Ís, nýr fiskur, afli fluttur á land, mjólk.
2. flokkur: Gjald kr. 30.00 fyrir hvern rúmmetra: Trjáviður og aðrar vörur, sem reiknaðar eru eftir rúmmáli. Þar með talin húsgögn, kork, vikurplötur, tómir ísfiskkassar.